

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/55/EB

frá 18. september 2000

um orkunýtni kröfur sem gilda um straumfesta fyrir flúrlýsingu

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikils er um vert að stuðla að ráðstöfunum sem miða að því að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og stuðla um leið að orkusparnaði, umhverfisvernd og neytendavernd.
- 2) Umtalsverðan hluta rafmagnsnotkunar, og þar með heildarorkunotkunar, í bandalaginu má rekja til flúrlýsingar. Ólíkar tegundir straumfesta fyrir flúrlýsingu, sem eru fánlegar á markaði í bandalaginu, nota mismikla orku fyrir tiltekna gerðir lampa og orkunýtni þeirra er því mjög mismunandi.
- 3) Markmiðið með þessari tilskipun er að draga úr orkunotkun straumfesta fyrir flúrlýsingu með því að hverfa í áföngum frá straumfestum með lélega orkunýtni til straumfesta sem nýta betur orku og geta einnig haft mjög orkusparandi eiginleika.
- 4) Nokkur aðildarríki eru við það að samþykkja ákvæði um orkunýtni straumfesta fyrir flúrlýsingu sem kynni að skapa viðskiptahindranir í verslun með þessar vörur í bandalaginu.
- 5) Rétt er að víðtæk vernd verði lögð til grundvallar í tillögum um samræmingu á ákvæðum í lögum, reglugerðum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum sem fjalla um heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd. Með þessari tilskipun er tryggð víðtæk vernd, bæði fyrir umhverfið og neytendur, þar eð stefnt er að því að beturbæta orkunýtni straumfesta verulega.
- 6) Samkvæmt dreifræðisreglunni og meðalhófsreglunni, sem mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans, og þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðunum með þessari aðgerð á viðhlítandi hátt, verður þeim betur náð á

vettvangi bandalagsins sakir þess hve fyrirhuguð aðgerð er umfangsmikil og hefur mikil áhrif. Með þessari tilskipun er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur til þess að ná þessum markmiðum.

- 7) Skilvirkt fyrirkomulag með tilliti til fullnustu er nauðsynlegt til að tryggja að tilskipun þessi komi til framkvæmdar með réttum hætti, skapa grundvöll eðlilegrar samkeppni fyrir framleiðendur og vernda rétt neytenda.
- 8) Ákvæði ákvörðunar ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu ⁽⁴⁾ gilda, nema að því er varðar merkingar og brotthvarf af markaði þar sem gerð vöru og sérstakar markaðsaðstæður réttlæta frávik frá ákvörðuninni að vissu marki.
- 9) Í þágu alþjóðaviðskipta ber að nota alþjóðlega staðla eftir því sem við á. Rafmagnsnotkun straumfesta er skilgreind samkvæmt staðli Rafstaðlasamtaka Evrópu, EN 50294, frá desember 1998 sem er byggður á alþjóðlegum stöðlum.
- 10) Straumfestar fyrir flúrlýsingu, sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar um orkunýtni, skulu merktir CE-merkinu og þeim fylgja viðeigandi upplýsingar til þess að unnt sé að dreifa þeim án takmarkana.
- 11) Tilskipun þessi gildir aðeins um straumfesta fyrir flúrlýsingu sem nota rafmagn frá almennri rafmagnsveitu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um straumfesta fyrir flúrljósgjafa sem nota rafmagn frá almennri rafmagnsveitu, samanber skilgreiningu í lið 3.4 í Evrópustaðli EN 50294 frá desember 1998, hér á eftir nefndir „straumfestar“.
2. Tilskipun þessi gildir ekki um eftirtaldar gerðir straumfesta:
 - straumfesta sem eru felldir inn í lampa,
 - straumfesta, sérhannaða fyrir lampa til uppsetningar í húsgögnum og sem mynda hluta af lampanum sem ekki verður skipt um og ekki er unnt að prófa sérstaklega (samkvæmt Evrópustaðli EN 60920), og

⁽¹⁾ Stjtuð. EB C 274 E, 28.9.1999, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtuð. EB C 368, 20.12.1999, bls. 11.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 20. janúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. maí 2000 (Stjtuð. EB C 208, 20.7.2000, bls. 9) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. júlí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 23.

— straumfesta til útflutnings frá bandalaginu, annaðhvort sem stakir íhlutir eða innfelldir í lampa.

3. Straumfesta skal flokka í samræmi við I. viðauka.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, í fyrsta áfanga, að því aðeins sé heimilt að markaðssetja straumfesta, annaðhvort sem staka íhluta eða innfellda í lampa, ef orkunotkun viðkomandi straumfestis er minni eða jöfn hámarksílagsorku straumfesta- og lampastraumrása samkvæmt skilgreiningu í I., II. og III. viðauka fyrir hvern flokk straumfesta.

2. Framleiðandi straumfestis, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu eða sá sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu straumfestisins, annaðhvort sem staks íhlutar eða innfellds í lampa, er ábyrgur fyrir því að tryggt sé að sérhver straumfestir, sem er markaðssettur, annaðhvort sem stakur íhlutur eða innfelldur í lampa, sé í samræmi við kröfurnar sem um getur í 1. mgr.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu straumfesta, annaðhvort sem stakra íhluta eða innfelldra í lampa, á yfirráðasvæði sínu, sem eru merktir CE-merkinu til vitnis um að þeir séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu, nema þau hafi vitnisburð um annað, gera ráð fyrir að straumfestar, annaðhvort sem stakir íhlutir eða innfelldir í lampa, sem eru merktir CE-merkinu sem krafist er samkvæmt 5. gr., séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

4. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. gr. skal málsmeðferð við samræmismat straumfesta, sem stakra íhluta eða innfelldra í lampa, og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkisins, vera í samræmi við aðferðareiningu A í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE og viðmiðanirnar sem eru settar fram í þeirri ákvörðun og í viðmiðunarreglunum í viðaukanum við hana.

2. Að því er þessa tilskipun varðar skal tímabilið, sem um getur í 2. mgr. í aðferðareiningu A í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE, vera þrjú ár.

3. a) Tækniskjölín, sem um getur í 3. mgr. aðferðareiningar A í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE skulu hafa að geyma:

- i) nafn og heimilisfang framleiðanda;
- ii) almenna lýsingu á tegundinni sem nægir til að bera kennsl á hana án alls vafa;
- iii) upplýsingar, þar með talið teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni tegundarinnar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar;

iv) notkunarleiðbeiningar;

v) niðurstöður úr orkunotkunarmælingum sem eru gerðar samkvæmt kröfum c-liðar;

vi) ítarlegar upplýsingar um það hvernig þessar mælingar samræmast kröfunum um orkunotkun sem eru settar fram í I. viðauka.

b) Heimilt er að nota tækniskjöl sem eru tekin saman vegna annarrar löggjafar bandalagsins svo fremi þau uppfylli þessar kröfur.

c) Framleiðendur straumfesta bera ábyrgð á því að ákvarða orkunotkun sérhvers straumfestis samkvæmt málsmeðferð, sem er tilgreind í Evrópustaðli EN 50294 frá desember 1998, og því að búnaðurinn sé í samræmi við kröfurnar í 2. og 9. gr.

5. gr.

Þegar straumfestar eru markaðssettir, annaðhvort sem stakir íhlutir eða innfelldir í lampa, skulu þeir vera merktir CE-merkinu sem skal samanstanda af upphafsstöfunum „CE“. Festa ber CE-merkið á straumfesta og umbúðir þeirra þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt. Þegar straumfestar eru markaðssettir, innfelldir í lampa, skal festa CE-merkið á lampana og umbúðir þeirra.

6. gr.

1. Þegar aðildarríki kemst að raun um að CE-merkið hafi verið áfest með röngum hætti ber framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu skylda til þess að færa straumfestana til samræmis við ákvæði þessarar tilskipunar og sjá til þess að ekki sé lengur framið lögbrot, í samræmi við þau skilyrði sem aðildarríkið setur. Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu skal sá sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu straumfestanna, sem stakra íhluta eða innfelldra í lampa, annast þessar skyldur.

2. Séu straumfestarnir ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar skal viðkomandi aðildarríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr. til þess að banna markaðssetningu og sölu þeirra straumfesta sem um er að ræða.

7. gr.

1. Öllum ráðstöfunum, sem aðildarríki gerir samkvæmt þessari tilskipun og fela í sér bann við markaðssetningu eða sölu straumfesta, sem stakra íhluta eða innfelldra í lampa, skal fylgja ítarlegur rökstuðningur fyrir slíku banni. Tilkynna ber framleiðandanum, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu eða þeim sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu straumfestanna án tafar um fyrrnefndar ráðstafanir og samtímis um þau lagaúrræði, sem þessum aðilum stendur hugsanlega til boða samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki, og fresti sem gilda um þau.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um allar slíkar ráðstafanir og tilkynna ástæður fyrir ákvörðun sinni. Framkvæmdastjórnin skal miðla þessum upplýsingum til hinna aðildarríkjanna.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan árs frá því að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Aðildarríkin skulu beita þessum lögum og stjórnsýslufyrirmælum 18 mánuðum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Á 18 mánaða tímabili eftir að tilskipun þessi öðlast gildi skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu straumfesta, annaðhvort sem stakra íhluta eða innfelldra í lampa, sem uppfylla sömu skilyrði og þau sem var beitt á yfirráðasvæði þeirra daginn sem tilskipun þessi öðlaðist gildi.

9. gr.

1. Fimm árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi, það er á öðru þrepi, skal hámarksílagsorka straumfesta- og

lampastraumrása vera í samræmi við ákvæði IV. viðauka, einkum í tengslum við 2. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2005, senda Evrópuþinginu og ráðinu mat á fengnum niðurstöðum, þar sem þær eru bornar saman við þær niðurstöður sem búist var við. Með það fyrir augum að ljúka þriðja þrepi umbóta á sviði orkunýtni skal framkvæmdastjórnin síðan leggja fram tillögur, ef við á og í samráði við hagsmunaaðila, um frekari umbætur á sviði orkunýtni straumfesta. Miða skal hámarksílagsorku straumfesta- og lampastraumrása og þann dag, sem hún tekur gildi, við gildi sem eru réttlætunleg í efnahagslegu og tæknilegu tilliti í ljósi aðstæðna á þeim tíma. Kanna ber og aðrar ráðstafanir sem eru taldar viðeigandi í því skyni að bæta innbyggða orkunýtni straumfesta og stuðla að notkun orkusparandi kerfa til ljósastryngar.

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. VÉDRINE

forseti.

*I. VIÐAUKI***FLOKKAR STRAUMFESTA**

Ef reikna á út hámarksflagsorku straumfesta- og lampastraumrásar fyrir tiltekinn straumfesti skal fyrst setja viðkomandi straumfesti í viðeigandi flokk úr eftirfarandi skrá:

Flokkur	Lýsing
1	Straumfestir fyrir aflanga lampagerð
2	Straumfestir fyrir samþjappaða tveggja pípu lampagerð
3	Straumfestir fyrir samþjappaða fjögurra pípu flata lampagerð
4	Straumfestir fyrir samþjappaða fjögurra pípu lampagerð
5	Straumfestir fyrir samþjappaða sex pípu lampagerð
6	Straumfestir fyrir samþjappaða lampagerð 2 D

*II. VIÐAUKI***AÐFERÐ TIL ÞESS AÐ REIKNA ÚT HÁMARKSÍLAGSORKU STRAUMFESTA- OG LAMPASTRUMRÁSA FYRIR TILTEKNA GERÐ STRAUMFESTA**

Hámarksflagsorka straumrásar ákvarðar orkunýtni straumfesta- og lampastraumrásar. Þetta er fall af orku lampans og gerðar straumfestis. Af þessum sökum er hámarksflagsorka straumfesta- og lampastraumrásar fyrir tiltekinn straumfesti skilgreind sem hámarksorka straumfesta- og lampastraumrásar með mismunandi gildi fyrir orku hvers lampa og hverja gerð straumfesta.

Hugtökin, sem eru notuð í þessum viðauka, svara til skilgreininga í Evrópustaðli EN 50294 frá desember 1998 sem Rafstaðlasamtök Evrópu hafa samþykkt.

III. VIÐAUKI

FYRSTA ÞREP

Hámarksílagsorka straumfesta- og lampastraumrása, gefin til kynna í W, er skilgreind í eftirfarandi töflu:

Flokkur straumfesta	Lampaorka		Hámarksílagsorka straumfesta- og lampastraumrása
	50 Hz	HF	
1	15 W	13,5 W	25 W
	18 W	16 W	28 W
	30 W	24 W	40 W
	36 W	32 W	45 W
	38 W	32 W	47 W
	58 W	50 W	70 W
	70 W	60 W	83 W
2	18 W	16 W	28 W
	24 W	22 W	34 W
	36 W	32 W	45 W
3	18 W	16 W	28 W
	24 W	22 W	34 W
	36 W	32 W	45 W
4	10 W	9,5 W	18 W
	13 W	12,5 W	21 W
	18 W	16,5 W	28 W
	26 W	24 W	36 W
5	18 W	16 W	28 W
	26 W	24 W	36 W
6	10 W	9 W	18 W
	16 W	14 W	25 W
	21 W	19 W	31 W
	28 W	25 W	38 W
	38 W	34 W	47 W

Þegar straumfestar eru hannaðir fyrir lampa, sem lendar milli tveggja gilda, sem eru gefin til kynna í töflunni hér að framan, er hámarksílagsorka straumfesta- og lampastraumrásar reiknuð út með línulegri brúun milli tveggja gilda fyrir hámarksílagsorku tveggja næstu lampaorkugilda í töflunni.

Sem dæmi má nefna að, ef straumfestir í 1. lampaflokki er flokkaður fyrir 48 W lampa við 50 Hz, skal reikna út hámarksílagsorku straumfesta- og lampastraumrásar með eftirfarandi hætti:

$$47 + (48 - 38) * (70 - 47)/(58 - 38) = 58,5 \text{ W}$$

IV. VIÐAUKI

ANNÆÐ ÞREP

Hámarksílagsorka straumfesta- og lampastraumrás, gefin til kynna í W, er skilgreind í eftirfarandi töflu:

Flokkur straumfesta	Lampaorka		Hámarksílagsorka straumfesta- og lampastraumrás
	50 Hz	HF	
1	15 W	13,5 W	23 W
	18 W	16 W	26 W
	30 W	24 W	38 W
	36 W	32 W	43 W
	38 W	32 W	45 W
	58 W	50 W	67 W
	70 W	60 W	80 W
2	18 W	16 W	26 W
	24 W	22 W	32 W
	36 W	32 W	43 W
3	18 W	16 W	26 W
	24 W	22 W	32 W
	36 W	32 W	43 W
4	10 W	9,5 W	16 W
	13 W	12,5 W	19 W
	18 W	16,5 W	26 W
	26 W	24 W	34 W
5	18 W	16 W	26 W
	26 W	24 W	34 W
6	10 W	9 W	16 W
	16 W	14 W	23 W
	21 W	19 W	29 W
	28 W	25 W	36 W
	38 W	34 W	45 W

Þegar straumfestar eru hannaðir fyrir lampa, sem lendir milli tveggja gilda, sem eru gefin til kynna í töflunni hér að framan, er hámarksílagsorka straumfesta- og lampastraumrásar reiknuð út með línulegri brúun milli tveggja gilda fyrir hámarksílagsorku tveggja næstu lampaorkugilda í töflunni.

Sem dæmi má nefna að, ef straumfestir í 1. lampaflokki er flokkaður fyrir 48 W lampa við 50 Hz, skal reikna út hámarksílagsorku straumfesta- og lampastraumrásar með eftirfarandi hætti:

$$45 + (48 - 38) * (67 - 45) / (58 - 38) = 56 \text{ W}$$